

Fundargerð

157. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 31. maí 2011 kl. 12⁰⁰ – 14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar.
- (2) Heimsóknir til þjónustu- og ráðstöfunaraðila
- (3) Breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs - raftæki
- (4) Smurolíusamningur
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (156. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Heimsóknir til þjónustu- og ráðstöfunaraðila

GGS fór yfir helstu niðurstöður úr samráðs- og eftirlitsheimsóknum til þjónustu- og ráðstöfunaraðila sjóðsins. Í þessum heimsóknum var m.a. skoðað hvernig flokkun og meðhöndlun úrgangs gengur fyrir sig hjá þessum fyrirtækjum. Einnig var rætt við forsvarsmenn fyrirtækjanna um framgang vinnu við meðhöndlun og ráðstöfun flokkaðs úrgangs sem og ef einhver vandkæði væru á samstarfi við Úrvinnslusjóð.

3. Breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs - raftæki

ÓK fór yfir nýlega samþykkt lög um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald. Þessar breytingar snéru m.a.a.:

Skilakerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plasti, en þar var bráðbirgðaákvæði í lögum um úrvinnslugjald felld út

Tilskipun um rafhlöður innleidd. Úrvinnslusjóði er falið verkefnið. Innflytjendur uppfylla framleiðendaábyrgð sem kveðið er á í tilskipun með því að greiða úrvinnslugjald í tolli.

Einnig var lagt fram minnisblað um nokkur atriði sem snúa að stýrinefnd og skilakerfum í lögum um meðhöndlun úrgangs og nýsamþykktum breytingum á þeim.

Samkvæmt nýsamþykktum breytingum á lögnum verður stjórn Úrvinnslusjóðs jafnframt stýrinefnd fjölgað verður um einn í stjórninni og verður stjórnamaðurinn tilnefndur af Félagi atvinnurekenda. Stjórn ræddi um aðskilnað á milli starfa stjórnar ÚS og stýrinefndar.

Stjórn ákvað að halda undirbúningsfund vegna væntanlegra starfa stýrinefndar þriðjudaginn 7. júní n.k.

4. Smurolíusamningur

Á síðasta fundi var rætt um endurskoðunarákvæði í drögum að þjónustusamningi um söfnun og endurnýtingu á smurolíuúrgangi. Lögð var fram á fundinum tillaga smurolíusamninganefndar um breytingar á annars vegar skilgreiningum og hins vegar grein um endurskoðun einingarverða.

Stjórn samþykkti breytt orðalag í drögum að samningi vegna meðhöndlunar olíuúrgangs.

5. Önnur mál

Starfsmenn yfirgáfu fund. Stjórn ræddi starfsmannamál.

Fundi slitið kl 14:30

Dreifing: Stjórn Úrvinnslusjóðs og vefur Úrvinnslusjóðs